

Til fjölmiðla

Greinargerð frá fráfarandi stjórn Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands.

Stjórn Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands er samkvæmt stofnskrá formaður og varaformaður bankaráðs Landsbanka Íslands og bankastjóri sama banka. Vegna breytinga á eignarhaldi og yfirstjórn bankans í október á síðasta ári hafa undirritaðir nú látið af störfum sem stjórnarmenn í sjóðnum. Á starfstíma stjórnarinnar hafa verðmæti eigna sjóðsins vaxið úr um 1,2 milljörðum króna í rúma 2,2 milljarða króna. Á sama tíma hefur sjóðurinn greitt rannsóknarstyrki að fjárhæð 143 milljónir króna og styrkt byggingu Háskólatorgs fyrir að fjárhæð 500 milljónir króna eða samtals um 645 milljónir króna. Eftirfarandi er greinargerð fráfarandi stjórnar.

Í kjölfar kaupa nýrra kjölfestufjárfesta á ráðandi hlut í Eimskipafélagi Íslands þann 19. september 2003 voru gerðar breytingar á markmiðum, tilgangi og stjórn Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands. Markmið sjóðsins varð að styrkja stúdenta í rannsóknatengdu framhaldsnámi sem stundað er í Háskóla Íslands.

Við breytingarnar voru allar eignir sjóðsins í hlutabréfum Burðaráss hf., samtals 168.401.437 nafnverðseiningar, sem var að markaðsvirði 1.220.910.418 kr miðað við gengið 7,25 þann 19. september 2003. Samningur um eignastýringu var undirritaður við Landsbankann 9. mars 2005 og var markaðsvirði eignarinnar þá 2.382.880.334 kr. miðað við gengi bréfa í Burðarási þann 15. apríl 2005 sem var 14,15 en á þeim degi var eignin móttekin inn í kerfi Landsbankans. Samkvæmt samningnum við Landsbankann var áhættu sjóðsins dreift í samræmi við fjárfestingastefnu hans. Langtíma fjárfestingarstefna hefur haldist óbreytt frá undirritun samnings, 40% í innlendum skuldabréfum, 30% í innlendum hlutabréfum og 30% í erlendum hlutabréfum auk þess sem fjárfestingarstefnan veitir sjóðsstjórn heimild til að vikja frá stefnunni með fyrirfram ákveðnum frávikum.

Stjórn sjóðsins hefur stefnt að því að árlega sé varið til þessara styrkja eigi minna en 3% af hreinni eign sjóðsins samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi undangengins árs en þó að hámarki meðalraunávöxtun síðustu þriggja ára að frádregnu 1%.

Fyrstu rannsóknarstyrkirnir voru veittir árið 2006 og þá nam heildarfjárhæð styrkjanna 4% af bókfærðri hreinni eign samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi 2005, sem er 2% umfram áður útgefna stefnuyfirlýsingu stjórnar samanber skýringu 5 í ársreikningi 2007. Árið 2007 nam heildarfjárhæð styrkjanna 2,5% af hreinni eign og árið 2008 2,6% af hreinni eign sjóðsins samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi undangengins árs. Háskólasjóður Eimskipafélags Íslands lagði auk þess til byggingar Háskólatorgs Háskóla Íslands 500 milljónir króna sem greiddar voru út í tvennu lagi. Fyrri greiðslan var 270 milljónir króna á árinu 2006 og sú síðari árið 2007 upp á 230 milljónir króna. Alls hafa verið greiddar út rúmar 645 milljónir króna samanber töflu að neðan.

Alm. styrkir	Úthlutaðir styrkir	Hlutfall af hreinni eign	Greiddir styrkir
2006	125.000.000	4%	18.124.999
2007	76.850.000	2,5%	59.141.640
2008	78.400.000	2,6%	65.854.093
	280.250.000		143.120.732

Háskólatorg	Upphæð
2006	270.000.000
2007	230.000.000
	500.000.000

Staða eignasafns Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands hefur sveiflast á nýliðnum árum í samræmi við aðstæður á mörkuðum. Eignastaða sjóðsins þann 31. desember hljóðaði upp á 2.218.377.450 kr. Í meðfylgjandi töflu má sjá samsetningu eigna sjóðsins og breytingar sem orðið hafa frá lok september á síðasta ári.

Eignaflokkur	Stefna	30.09.08			31.12.08		
		Eign	Safn	Y/U vigt	Eign	Safn	Y/U vigt
Skuldabréf, innlend	40,0%	2.447.066.439	73,9%	84,7%	255.367.660	11,5%	-71,2%
Hlutabréf, innlend	30,0%	263.632.808	8,0%	-73,5%	42.909.878	1,9%	-93,6%
Skuldabréf, erlend	0,0%	0	0,0%		0	0,0%	
Hlutabréf, erlend	30,0%	476.776.287	14,4%	-52,0%	352.393.430	15,9%	-47,0%
Lausafé	0,0%	123.926.983	3,7%		1.567.706.482	70,7%	
Samtals	100,0%	3.311.402.517	100,0%		2.218.377.450	100,0%	

Y/U vigt er yfir- eða undirvigt og vísar til fráviks frá stefnu sjóðsins.

Hér lýkur greinargerð fráfarandi stjórnar Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands.

Virðingarfyllt,

Björgólfur Guðmundsson

Kjartan Gunnarsson

Halldór J. Kristjánsson